

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

FORSETI ÍSLANDS  
*gjörir kunnugt:*

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 157. löggjafarþings, frá 18. desember 2025 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 14. janúar 2026.

*Gjört í Reykjavík, 18. desember 2025.*

**Halla Tómasdóttir.**  
(L. S.)

*Kristrún Frostadóttir.*

Alþingi samþykkti hinn 18. desember 2025 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 157. löggjafarþings, frestað hinn 18. desember 2025.

*Forsætisráðuneytinu, 23. desember 2025.*

F. h. r.  
**Benedikt Árnason.**

*Páll Þórhallsson.*